



## Yfirlit yfir styrkjatækifæri fyrir skóla, leikskóla og frístundstarf

Aðstoð við styrkjasókn og þátttöku í alþjóðasamstarfi veitir [Hjörtur Ágústsson](#) hjá Nýsköpunarmiðju menntamála á skrifstofu Skóla- og frístundasviðs.

### Styrkir fyrir Alþjóða samstarfi

#### Menntahluti Erasmus+ fyrir leik- og grunnskóla

Verkefni fyrir skóla og leikskóla þar sem hægt er að vinna með öllum löndum Evrópusambandsins auk Noregs, Tyrklands, Makedóníu og Liechtenstein  
<https://www.erasmusplus.is/menntun/skolar/>



#### Erasmus+ – námskeið og námsheimsóknir

Styrkir fyrir starfsfólk leik og grunnskóla til að kynna sér starfsemi skóla í Evrópu eða sækja fjölbreytt námskeið og ráðstefnur sem tengjast skólustarfi. Eins gefst kostur á að fara í námsferðir til útlanda með nemendum í hópum í 2 – 30 daga.

**Umsóknarfrestur:** 23. febrúar 2022

**Styrkuppþæðir:** Fastar fjárhæðir fyrir ferðakostnaði og uppihaldi. Styrkir duga almennt fyrir stærstum hluta útgjalda vegna ferðalaga sem tengjast framkvæmd verkefna.

[Nánari upplýsingar](#)

#### Erasmus+ fyrir leik- og grunnskóla og Frístundastarf – Samstarfsverkefni

Hægt er að sækja um fyrir tvennskonar samstarfsverkefnum. Stærri samstarfsverkefni (Cooperation Partnerships) 12-36 mánuðir og Smærri samstarfsverkefni (Small-scale Partnerships) í 6-24 mánuði.

**Umsóknarfrestur:** 23. mars

**Styrkuppþæðir:** Styrkur fyrir smærri samstarfsverkefnum er annaðhvort €30.000 eða €60.000 og styrkur fyrir stærri samstarfsverkefnum er €120.000, €250.000 eða €400.000 EUR.

[Nánari upplýsingar um samstarfsverkefni fyrir leik- og grunnskóla](#)

[Nánari upplýsingar um samstarfsverkefni fyrir æskulýðsstarf](#)

## Erasmus+ fyrir æskulýðsstarf

Fjölbreyttir styrkir fyrir verkefnum sem snúa að æskulýðsstarfi og óformlegu námi með ungu fólki á aldrinum 13 - 30 ára. Verkefni eru alltaf unnin í samstarfi við a.m.k. eitt annað Evrópuland og geta innihaldið ferðir með hópa unglinga, ferðir starfsmanna, þróunarverkefni og fundi ungs fólks og ráðamanna. Hægt er að vinna með öllum löndum Evrópusambandsins auk Noregs, Tyrklands, Makedóníu og Liechtenstein

1. **Nám og þjálfun ungs fólks 13-30 ára**
  - a. **Ungmennaskipti.** Hópar ungmenna frá minnt tveimur löndum koma saman í 5-21 dag. Styrkur fyrir allt að 60 ungmenni (samtals) auk hópstjóra.
  - b. **Þátttaka ungs fólks** (Youth participation activities). Styrkir fyrir viðburðum sem hvetja ungt fólk til virkni og þátttöku í samfélaginu
2. **Þjálfun starfsmanna.** Verkefni þar sem allt að 50 æskulýðsstarfsmenn geta farið í ferðir, skipulagt námskeið/ráðstefnur til að bæta gæði æskulýðsstarfs. Frá 2 dögum upp í 2 mánuði.

**Umsóknarfrestir:** 23. febrúar og 4. október

**Styrkuppþæðir:** Styrkir miðast almennt við umfang verkefnis, þ.e. fjölda þátttakenda og lengd ferða. Heildarstyrkir á Íslandi árið 2020 voru um 300.000.000 kr.

[Nánari upplýsingar](#)

## Nordplus – Menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar



### Nordplus – Undirbúningsheimsóknir

Um er að ræða styrki fyrir samstarfsaðila til að hittast og undirbúa styrkumsókn til að senda inn í Nordplus í næsta umsóknarfresti Norsplus.

**Umsóknarfrestur:** 01. október

**Styrkuppþæðir:** Styrkur fyrir allt að tvo kennara kennara frá hverju landi.

[Nánari upplýsingar](#)

### Nordplus Juinor

Leik, og grunnskólar geta sótt um í Nordplus í samstarfi við skóla frá Norðurlöndunum og Eystrasaltlöndunum. Bæði er hægt að sækja um ferðastyrki vegna nemendaheimsókna og kennaraskipta auk styrkja vegna stærri þróunarverkefna skóla.

**Umsóknarfrestur:** 01. febrúar

**Styrkuppþæðir:** Í nemendaheimsóknum og kennaraskiptum eru veittir fastir styrkir fyrir uppihaldi og ferðalögum. Í þróunarverkefnum er veittur styrkur fyrir 75% af heildarkostnaði verkefna.

[Nánari upplýsingar](#)

### **Nordplus Sprog**

Aðaláhersla tungumálahluta Nordplus er á verkefni sem vinna með að auka norrænan málskilning, svo sem námsefni, leiki, rannsóknir, fræðsla og ráðstefnur.

**Umsóknarfrestur:** 01. febrúar

**Styrkuppþæðir:** Styrkur er veittur fyrir 75% af heildarkostnaði verkefna.

[Nánari upplýsingar](#)

### **Nordplus Horizontal**

Styrkir til samstarfsverkefna og samstarfsneta menntastofnana á ólíkum skólastigum.

Lágmarkspáttaka er þrjú þáttökulönd á Norðurlöndum og Eystrasaltlöndum. Nauðsynlegt er að verkefni tengi saman ólík menntastig eða menntageira.

**Umsóknarfrestur:** 01. febrúar

**Styrkuppþæðir:** Styrkur er veittur fyrir 50% af heildarkostnaði verkefna. Hægt er að tilgreina vinnuframlag sem hluta af verkefnakostnaði. Meðalstyrkur til Nordplus Horizontal verkefna er € 50.000.

[Nánari upplýsingar](#)

### **Nordbuk**

Styrkir fyrir verkefnum ungs fólks og þeirra sem vinna með ungu fólki. Markmið styrkjanna er að auka áhrif og virka þátttöku ungs fólks. Verkefni verða að vera samstarfsverkefni minnst 3 norðurlanda og er hvatt sérstaklega til samstarfs við Grænland og Færeyjar.

**Umsóknarfrestur:** Fyrri hluta október

**Styrkuppþæðir:** Styrkir eru frá €7.500 – €25.000 fyrir allt að 85% af heildarkostnaði verkefna.

[Nánari upplýsingar](#)

### **Nordic-Baltic Mobility Programme for Public Administration**

Styrkir fyrir ferðum opinberra starfsmanna frá Norðurlöndunum til Eystrasaltsríkjanna. Styrkir eru veittir fyrir 2-8 manna hópa til að fara í ferðir sem eru 3-10 daga langar. Einnig eru veittir styrkir fyrir einstaklingar til að fara í allt að 20 daga í starfsnám (internship) hjá opinberri stofnun í öðru landi.

**Umsóknarfrestur:** Í mars og október

**Styrkuppþæðir:** Styrkur fyrir 60% af heildarkostnaði við framkvæmd verkefna. Heildarstyrkur er um €300.000 á ári.

[Nánari upplýsingar](#)

## Innlendir styrkir

### Sprotasjóður

Sprotasjóður er sameiginlegur fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og er hlutverk sjóðsins að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi. Gefnar eru út sérstaka áherslur fyrir sjóðinn fyrir hvert skólaár.

**Umsóknarfrestur:** byrjun febrúar

**Styrkupp hæðir:** Styrkir allt að 3.000.000 kr. Í heildina eru til úthlutunar allt að 59.000.000 kr.

[Nánari upplýsingar](#)

### Endurmenntundarsjóður Grunnskóla

Hlutverk Endurmenntunarsjóðs grunnskóla er að veita styrki til endurmenntunar félagsmanna í Félagi grunnskólakennara (FG) og Skólastjórafélagi Íslands (SÍ).

**Umsóknarfrestur:** Seinni hluta febrúar

**Styrkupp hæðir:** Heildarstyrkur á ári er um 50 m.kr. Styrkir eru eingöngu greiddir vegna launakostnaðar fyrirlesara. Annar kostnaður er ekki greiddur.

[Nánari upplýsingar](#)

### Barnameningarsjóður

Sjóður er hugsaður fyrir Starfandi listamenn, list- og menningartengdar stofnanir, félagasamtök og aðra þá er sinna menningarstarfi fyrir börn og ungmenni í samræmi við opinbera menningarstefnu. Til barnameningar teljast verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku barna.

**Umsóknarfrestur:** byrjun apríl

**Styrkupp hæðir:** Heildarstyrkir eru 100. m.kr. á ári

[Nánari upplýsingar](#)

### Samfélagsstyrkir Landsbankans

Um er að ræða styrki til fjölbreyttra verkefna þar á meðal á sviði menningar og lista, menntunar og forvarnar- og æskulýðsstarfs.

**Umsóknarfrestur:** Í október

**Styrkupp hæðir:** 250.000 kr., 500.000 kr. eða 1.000.000 kr. Heildarstyrkir eru 15.000.000 kr.

[Nánari upplýsingar](#)

### Lýðsheilsusjóður

Styrkir til verkefna sem taka mið af [lýðheilsustefnu](#), [stefnu í áfengis- og vímuvörnum](#), [stefnu í geðheilbrigðismálum](#) og [þingsályktun um lýðheilsustefnu til 2030](#). Sérstök áhersla verður í ár lögð á verkefni sem miða að því að efla geðheilsu og félagsfærni, stuðla að heilbrigðu mataræði, svefni og hreyfingu, áfengis, vímu- og tóbaksvarnir, verkefni sem tengjast kynheilbrigði og verkefni sem beinast að minnihlutahópum til að stuðla að jöfnuði til heilsu.

**Umsóknarfrestur:** 15. nóvember

**Styrkupp hæðir:** Allt að 1,5 m.kr á hvert verkefni. Heildarstyrkir í síðustu úthlutun voru 96,3 m.kr.  
[Nánari upplýsingar](#)

#### **Menntarannsóknasjóður mennta- og menningarmálaráðuneytisins**

Menntarannsóknasjóður styrkir hagnýtar menntarannsóknir á sviði leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, náms á framhaldsskólastigi og frístundastarfs. Markmið sjóðsins er að styrkja stoðir hagnýtra menntarannsókna, auka tækifæri til að skapa og miðla þekkingu til framþróunar og umbóta í skólasterfi og styðja við framkvæmd [menntastefnu ríkisins til 2030](#).

**Umsóknarfrestur:** 1.október

**Styrkupp hæðir:** Styrkupp hæð verkefnisstyrkja getur að hámarki verið 20 milljónir króna fyrir 24 mánaða verkefni og allt að 10 milljónir fyrir 12 mánaða verkefni. Styrkur Menntarannsóknasjóðs nemur að hámarki 85% af heildarkostnaði verkefnisins.

[Nánari upplýsingar](#)

#### **Bókasafnasjóður**

Sjóðurinn skal efla starfsemi bókasafna. Sjóðurinn styrkir skilgreindar rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni á sviði bókasafna- og upplýsingamála. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja önnur verkefni til að efla faglegt samstarf bókasafna innanlands og utan.

**Umsóknarfrestur:** 15. mars

**Styrkupp hæðir:** Heildarstyrkir eru um 20 m. kr á ári og voru styrkir til einstakra verkefna í fyrstu úthlutun árið 2021 frá 600.000 – 6.000.000 kr.

[Nánari upplýsingar](#)

#### **Menntarannsóknasjóður mennta- og menningarmálaráðuneytisins**

Menntarannsóknasjóður styrkir hagnýtar menntarannsóknir á sviði leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, náms á framhaldsskólastigi og frístundastarfs. Markmið sjóðsins er að styrkja stoðir hagnýtra menntarannsókna, auka tækifæri til að skapa og miðla þekkingu til framþróunar og umbóta í skólasterfi og styðja við framkvæmd [menntastefnu ríkisins til 2030](#).

**Umsóknarfrestur:** 1.október

**Styrkupp hæðir:** Styrkupp hæð verkefnisstyrkja getur að hámarki verið 20 milljónir króna fyrir 24 mánaða verkefni og allt að 10 milljónir fyrir 12 mánaða verkefni. Styrkur Menntarannsóknasjóðs nemur að hámarki 85% af heildarkostnaði verkefnisins.

[Nánari upplýsingar](#)

#### **Þróunarsjóður innflytjendamála**

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði málefna innflytjenda með það að markmiði að auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi og gera samfélaginu betur kleift að koma til móts við þá.

**Umsóknarfrestur:** Var í lok janúar 2021, hefur ekki verið opnað 2022

**Styrkupp hæðir:** Styrkur er veittur fyrir 75% af heildarkostnaði verkefna. Í heildina eru 25 m.kr. til úthlutunar.

[Nánari upplýsingar](#)

### **Íslenskusjóðurinn**

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til að efla vald á íslensku máli barna og fullorðinna, einkum fjöltyngdra barna af erlendum uppruna og foreldra þeirra. Styrkir skulu veittir vegna verka sem styðja við og efla notkun á íslensku máli, svo sem þróunarverkefna, námskeiða og útgáfu, einkum á leik- og grunnskólastigi.

**Umsóknarfrestur:** Lok mars

**Styrkupp hæðir:** Heildarfjárhæð úthlutaðra styrkja er allt að kr. 2.000.000

[Nánari upplýsingar](#)

### **Velferðarsjóður Barna**

Markmið sjóðsins er að hlúa að velferð og hagsmunamálum barna á Íslandi, meðal annars, með fjárframlögum til heilbrigðis-, velferðar- og menntamála. Sjóðurinn styrkir fjölbreytt verkefni ár hvert og veitir árlega Barnamenningarverðlaun Velferðarsjóðs. Ekki virðist vera fastur umsóknarfrestur til að sækja um styrki í sjóðinn.

[Nánari upplýsingar](#)

### **Þróunarsjóður námsgagna**

Sjóðurinn er hugsaður fyrir kennara og höfunda námsefnis og á að styrkja útgáfu námsefnis fyrir leikgrunn- og framhaldsskóla.

**Umsóknarfrestur:** lok janúar

**Styrkupp hæðir:** Hægt er að sækja um almennan þróunarstyrk fyrir allt að 2. m.kr. og þróunar- og útgáfustyrk fyrir allt að 4. m.kr.

[Nánari upplýsingar](#)

### **Jafnréttissjóður**

Tilgangur Jafnréttissjóðs Íslands er að styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að efla jafnrétti kynjanna.

**Umsóknarfrestur:** Næst verður úthlutað úr sjóðnum 19. júní 2023

**Styrkupp hæðir:** Heildarstyrkir eru 100. m.kr. á ári

[Nánari upplýsingar](#)

### **Barnavinafélagið Sumargjöf**

Barnavinafélagið Sumargjöf veitir styrki til rannsókna, lista- og þróunarverkefna sem geta nýst börnum á leik- og grunnskólaaldri.

**Umsóknarfrestur:** Auglýst eftir umsóknum í janúar

**Styrkupp hæðir:** Heildarstyrkir eru 6-10 m.kr. á ári  
[Nánari upplýsingar](#)

### Námsleyfasjóður kennara og stjórnenda grunnskóla

Styrkir fyrir kennara til að taka námsleyfi.  
[Nánari upplýsingar](#)

Sjóður þuríðar til handa doctorsnemum

## Vefsíður með yfirlit yfir styrki

[Yfirlit Stjórnarráðs Íslands yfir styrkir og sjóði á sviði menntamála](#)

[Yfirlit Stjórnarráðs Íslands yfir styrkir og sjóði á sviði menningarmála](#)

[Yfirlit yfir sjóði og styrki á síðunni Starfsþróun kennara](#)

[Leitarvél fyrir öll styrkjatækifæri Norrænu ráðherranefndarinnar](#)

Ath. Listinn hér fyrir ofan er ekki tæmandi og birtur með fyrirvara um villur og breytingar á sjóðum sem t.d. geta haft áhrif á dagsetningu umsóknarfresta og fyrirkomulag styrkja. Kynnið ykkur alltaf síðu styrkveitanda fyrir nýjustu upplýsingar.

